

# Stjörnukort fyrir Ísland

## Mars 2017

### Helst á himni

- 1. KVÖLD: Mars, Venus og tunglið saman á vesturhimni.
- 4. NÓTT: Tunglið í Regnstirninu, skammt frá Aldebaran, í Nautinu.
- 10. NÓTT: Vaxandi gleitt tungl við Regúlus í Ljóninu.
- 11. NÓTT: Hálfskuggamyrkvi á tungli
- 14. NÓTT: Júpíter, Spíka og minnkandi gleitt tungl saman á morgunhimninum.
- 20. MORGUNN: Vorjafndægur á norðurhveli Jarðar kl. 10:29

### Að nota kortið

Skífan sýnir himininn eins og hann birtist okkur milli 22 og 00 í mars. Haltu kortinu uppréttu fyrir framan þig. Stjörnumerkin á miðju kortinu eru hæst á lofti (beint fyrir ofan þig). Ef þú horfir í suður skaltu snúa kortinu þannig að suðurhluti kortsins snúi að þér. Notaðu bjartar stjörnur og mynstur til að hjálpa þér að átta þig á himninum.


### Hvenær nýtist kortið best?

- 1. mars kl. 00:00
- 15. mars kl. 23:00
- 30. mars kl. 22:00

### Tunglið í mars 2017



- Fyrsta kvartil  
5. mars  
kl. 11:32
- Fullt tungl  
12. mars  
kl. 14:54
- Síðasta kvartil  
20. mars  
kl. 15:58
- Nýtt tungl  
28. mars  
kl. 02:57



- Vetrarbraut
- Vetrarbrautar slæðan
- ⊙ Hringþoka
- Geimþoka
- ⊛ Stjörnuþyrping / Kúluþyrping